

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Kjósarhreppi.

Breyting á deiliskipulagi Stapagljúfurs úr landi Morastaða.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr.123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps 30. mars 2022 óverulega breytingu á deiliskipulagi Stapagljúfurs úr landi Morastaða.

Breytingin felst í því að lóðinni við Stapagljúfur í landi Morastaða sem áður var ein 8,15 ha lóð, verður skipt í tvær lóðir. Sú minni verður 0,45 ha með einum byggingarreit íbúðarhúss, en sú stærri 7,36 ha með þremur byggingarreitum, tveimur fyrir frístundahús og einum fyrir gróðurhús. Að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrra deiliskipulags.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 5. apríl 2022.

Sigurður H. Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 22. apríl 2022